



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 6, 105 Rvk, mánudaginn 11. desember 2017 kl. 16:30.

(Fundur nr. 5 frá Stórutjarnarskóla)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Þuríður Yngvadóttir, Laufey Hannesdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Jens Baldursson, Guðbrandur Brynjúlfsson, Kristinn H. Þorsteinsson, Páll Ingþór Kristinsson, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð).

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt.

2. Samningur um Landgræðsluskóga

Nýr samningur liggur fyrir. Eftir er að útfæra breytingar sem fela myndu í sér að horfa til lengri tíma og stigvaxandi aukningu á gróðursetningu (til 10 ára) og færi smám saman úr 35 m. IKR í 70. Til eru fordæmi fyrir 10 ára samningi, s.s. nýjasti Hekluskógasamningurinn. Alltof mikill tími fer í óvissu sem fylgir endurnýjun samninga á 5-ára tímabili. Oft vill dragast úr hófi fram að endurnýja samninga, svo ekki gefst ráðrúm til að rækta 2-ára plöntur.

3. Græni stígurinn – ráðstefna

Hugmyndin er að græni stígurinn verði lagður á 5 ára tímabili, frá Kaldárseli að Esjuhlíðum og að hann kosti 1 milljarð. Lagt verður til að peningar til reiðstíga verði einnig lagðir í göngu- og hjólreiðastíga, þ.m.t. í þessa leið. Hugmyndin er búin að liggja fyrir í mörg ár og er í aðalskipulagi allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Ef verður að veruleika, þarf að leggja í þetta umtalsverða peninga og myndi það flýta mjög fyrir ef ríkið

tæki á sig einn fjórða af kostnaðinum. Þetta passar vel við þá stefnu að gera fólki kleift að ferðast með öðrum hætti en bara með einkabíl. Ef samgönguráðherra lýsir sig jákvæðan gagnvart málinu, er ástæða til að efna til ráðstefnu um málið.

4. Vinnudagur vegna stefnumótunar

Fyrirhugað að efna til vinnufundar um stefnumótun 13. janúar n.k.

5. Landspilda í Skálholti

Í Skálholti er 249 ha spilda í eigu prestsetrasjóðs, þ.a. er búið að gróðursetja í 100 ha, sem ekki er í umhirðu og þarf líklega að endurgróðursetja í (mikið af lélegu síberíulerki). Magnús, Jónatan og Reynir eru búnir að fara á vettvang og kanna aðstæður. Kristján Valur verður vígslubiskup fram í mars og vill ganga frá málinu áður en hann lætur af embætti. Fyrirhugað er að SÍ geri leigusamning við prestsetrasjóð en Kolviður hefur áhuga á að taka megnið af landinu í fóstur. Hins vegar hefur SÍ í hyggju að nýta hluta af landinu með það fyrir augum vinna að því að opna skóg á svæðinu sem verði aðgengilegur almenningi. Rætt var um lönd til skógræktar á vegum Kolviðar. Ef fram heldur sem horfir er skortur fyrirsjáanlegur á landi fyrir kolefnisbindingu á vegum Kolviðar. Samþykkt að halda þessum viðræðum áfram.

6. Önnur mál

Kristinn H. Þorsteinsson sagði frá samstarfi SÍ, Skógræktarinnar, Landgræðslu ríkisins og LbhÍ um fræðslumál. Til stendur að setja saman viljayfirlýsingu og síðan að vinna að sameiginlegum fræðslu- og kynningarmálum.

Úlfljótsvatn: til stendur að klára fyrir áramót samning milli SÍ og skáta um Úlfljótsvatn sf.

Vefur SÍ: Hann þarf að uppfæra. Hverju þarf að breyta?
A.S. spurðist fyrir um tvær ráðstefnur sem SÍ hafði ætlað að halda fyrir 1-2 árum, skv. samþykkt aðalfundar á Akureyri (Ráðstefna um niturbindandi tegundir; Ráðstefna um lausagöngu búfjár). Af ýmsum ástæðum varð hvorug að veruleika, þrátt fyrir töluverðan undirbúning.